

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðar eystri 1981-2001, aðkoma að tjaldstæði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðar eystri 1981-2001 frá 16. apríl 1982.

Breytingin felst í því að lega fyrirhugaðs tengivegar sunnan byggðar frá vegi inn í dal, Hólavegi nr. 916 austan og sunnan kirkju, á Desjarmýrarveg nr. 917, breytist. Einnig breytist afmörkun tjaldsvæðis (opins svæðis til sérstakra nota). Fyrsti áfangi nýs vegar verður aðal-  
aðkomuleið að núverandi tjaldsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 6. október 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*